

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 2. janúar 2025
Tilvísun: 2024101537/IAH

Efni: Vegna ábendingar frá persónuverndarfulltrúa Kópavogsbæjar

I.

Um framkomna ábendingu

Persónuvernd hefur borist ábending frá persónuverndarfulltrúa Kópavogsbæjar, þ.e. með tölvupósti 14. október 2024, um meintar aðstæður í stjórnsýslu Kópavogsbæjar sem séu til þess fallnar að hamla honum að rækja skyldur sínar samkvæmt 39. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar (ESB) 2016/679 og komi í veg fyrir að ábyrgðaraðilar sinni skyldum sínum samkvæmt 38. gr. reglugerðarinnar.

Nánar segir að þessar aðstæður snerti stuðning æðstu stjórnenda Kópavogsbæjar, þ.e. bæjarstjóra og sviðsstjóra og æðsta stjórnunarstigs bæjarins (kjörinna fulltrúa) við persónuverndarfulltrúa og samskipti milli aðila. Bent er á að fyrirkomulag þeirra samskipta hafi haft þá afleiddu virkni að ákvæði 38. gr. reglugerðarinnar sé ekki virt og úrræði og heimildir ekki gerðar aðgengilegar starfseminni þrátt fyrir rökstuddar árlegar óskir þar um, sem hafi haft hamlandi áhrif á getu persónuverndarfulltrúa til að sinna að fullu skyldum sínum samkvæmt 39. gr. reglugerðarinnar. Skapast hafi fyrirkomulag sem leiði til þess að persónuverndarfulltrúa sé meinað að hafa bein samskipti við æðsta stjórnunarstig sveitarfélagsins, á grundvelli skipurits, og hann njóti ekki stuðnings í lögbundnum verkefnum sínum.

Með þessu fyrirkomulagi hafi auk þess verið hindraðir möguleikar æðsta stjórnunarstigs á uppfærðum og hlutlausum upplýsingum og um leið hamlað getu til viðbragða við ríkjandi aðstæðum á hverjum tíma eða til uppbyggingar á málaflokki persónuverndar hjá bænum. Bæjarstjórn hafi því ekki enn fengið að axla ábyrgð á persónuvernd hjá Kópavogsbæ.

Vegna þessa ástands hafi hætta tengd vinnslu persónuupplýsinga hjá Kópavogsbæ aukist, og líkur á öryggisbresti að sama skapi, enda fræðsluumhverfi erfitt og virk vitundarvakning starfsmanna um



persónuvernd bundin upplýsingum um persónuverndarfulltrúa í hópum innan hugbúnaðarins Workplace og stöku námskeiðum sem aðeins lítið brot starfsmanna hafi aðgang að.

Frá gildistöku nýrrar persónuverndarlöggjafar árið 2018 hafi umræddum lögbundnum skyldum því ekki verið sinnt með neinu móti en tenging persónuverndarfulltrúa og æðsta stjórnunarstigs verið óvirk frá gildistöku löggjafarinnar með þeim afleiðingum sem slíkt rof hafi í för með sér fyrir störf og starfsaðstæður æðsta stjórnunarstigs Kópavogsbæjar og persónuverndarfulltrúa.

Í erindinu er að lokum bent á að persónuverndarfulltrúi hafi endurtekið miðlað til æðstu stjórnenda, bæði formlega og óformlega, ábendingum um hvað mætti betur fara í starfseminni og upplýsingum um túlkun í leiðbeiningum á hlutverkum þeirra og persónuverndarfulltrúa án árangurs. Slíkum ábendingum hafi ekki verið svarað og engar skýringar gefnar en unnið áfram þvert á ráðgjöf persónuverndarfulltrúa.

II.

Leiðbeiningar Persónuverndar

Vegna framangreinds erindis og í ljósi þess hversu umfangsmikil vinnsla persónuupplýsinga fer fram hjá Kópavogsbæ er það mat Persónuverndar að tilefni kunni að vera til þess að veita Kópavogsbæ leiðbeiningar um þær reglur sem gilda um stöðu persónuverndarfulltrúa, um verkefni hans og þær skyldur sem hvíla á bænum til að tryggja persónuverndarfulltrúa aðstöðu til að sinna skyldustörfum sínum og verkefnum með óháðum hætti.

Tekið skal fram að í bréfi þessu er ekki tekin afstaða til þess af hálfu Persónuverndar hvort Kópavogsbær hafi í raun vanrækt skyldur sínar að þessu leyti. Eftirfarandi leiðbeiningar eru því eingöngu almenns eðlis.

1.

Um stöðu og verkefni persónuverndarfulltrúa

Ábyrgðaraðilar og vinnsluaðilar skulu í ákveðnum tilvikum tilnefna persónuverndarfulltrúa í samræmi við 1. mgr. 35. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Um hæfni persónuverndarfulltrúa, stöðu hans og verkefni gilda fyrirmæli 37.-39. gr. reglugerðarinnar, sbr. 3. mgr. 35. gr. laganna. Skal persónuverndarfulltrúi tilnefndur á grundvelli faglegrar hæfni sinnar, einkum sérþekkingar á lögum og lagaframkvæmd á sviði persónuverndar og getu sinnar til að vinna þau verkefni sem í 39. gr. reglugerðarinnar greinir, sbr. 5. mgr. 37. gr. reglugerðarinnar.

Um stöðu persónuverndarfulltrúa segir meðal annars í 38. gr. reglugerðarinnar að tryggt skuli að þeir komi með viðeigandi hætti og tímanlega að öllum málum sem tengjast vernd persónuupplýsinga (1. mgr.), að þeir fái engin fyrirmæli varðandi framkvæmd verkefna sinna og heyri beint undir æðsta stjórnunarstig hlutaðeigandi aðila (3. mgr.), að skráðir einstaklingar geti haft samband við þá með öll mál sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga þeirra og því hvernig þeir geta neytt réttar síns samkvæmt reglugerðinni (4. mgr.) og að önnur verkefni og skyldustörf sem þeir sinna leiði ekki til hagsmunaárekstra (6. mgr.).

Um verkefni persónuverndarfulltrúa segir í 1. mgr. 39. gr. reglugerðarinnar að þeir skuli að minnsta kosti sinna því, meðal annars, að upplýsa hlutaðeigandi aðila og starfsmenn þeirra um skyldur þeirra



samkvæmt reglugerðinni og öðrum ákvæðum um persónuvernd og veita þeim ráðgjöf þar að lútandi (a-liður), að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum reglugerðarinnar og öðrum ákvæðum um persónuvernd og stefnum um vernd persónuupplýsinga (b-liður), að vinna með eftirlitsyfirvaldinu (d-liður) og að vera tengiliður fyrir eftirlitsyfirvaldið varðandi mál sem tengjast vinnslu og leita ráða, eftir því sem við á, varðandi önnur málefni (e-liður).

Samkvæmt leiðbeiningum um persónuverndarfulltrúa (e. Guidelines on Data Protection Officers ('DPOs')), sem Evrópska persónuverndarráðið staðfesti á fundi sínum 25. maí 2018 (þ.e. leiðbeiningar forvera þess, svonefnds 29. gr.-hóps, frá 16. desember 2016 (breytt 5. apríl 2017)), kann það í einhverjum tilvikum að þjóna betur þörfum ábyrgðar- eða vinnsluaðila að hafa fleiri en einn einstakling starfandi saman í teymi til að sinna verkefnum persónuverndarfulltrúa á grundvelli þjónustusamnings. Mælt er með því í leiðbeiningunum að innan teymisins sé skýr verkaskipting og að einn einstaklingur sé tilnefndur til að vera við stjórn, sem og að vera aðaltengiliður viðkomandi aðila. Þá er það sagt mikilvægt að allir einstaklingar í teyminu uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til persónuverndarfulltrúa í reglugerð (ESB) 2016/679 (bls. 12 í leiðbeiningunum).

Um stöðu persónuverndarfulltrúa segir í leiðbeiningunum að með því að tryggja aðkomu þeirra að málum strax í upphafi, samkvæmt 1. mgr. 38. gr. reglugerðarinnar, sé stuðlað að hlítinni við reglugerðina og að innbyggðri og sjálfgæfni persónuvernd. Því ætti til dæmis að bjóða persónuverndarfulltrúum að taka reglulega þátt í fundum yfir- og millistjórnenda, hafa þá viðstadda þegar teknar eru ákvarðanir sem geta leitt til eða haft áhrif á vinnslu persónuupplýsinga, koma viðeigandi upplýsingum tímanlega til þeirra, veita ráðgjöf þeirra vægi og skjalfesta ástæður þess ef ekki er farið að henni (bls. 13 og 14).

Í leiðbeiningunum segir jafnframt að samkvæmt 3. mgr. 38. gr. reglugerðarinnar felist megi ekki gefa persónuverndarfulltrúum fyrirmæli um hvaða niðurstaða sé æskileg í þeim málum sem þeir hafa til meðferðar á grundvelli 39. gr. reglugerðarinnar, hvernig rannsaka beri kvartanir eða hvort þeir eigi að ráðfæra sig við eftirlitsyfirvaldið. Þá megi ekki veita þeim fyrirmæli um hvernig meta eigi tiltekin álitaefni með hliðsjón af persónuverndarlöggjöfnni, svo sem hvernig túlka beri löggjöfina. Í þessu felist þó ekki að persónuverndarfulltrúar fari með heimildir umfram það sem mælt er fyrir um í 39. gr. reglugerðarinnar og séu ábyrgðar- og vinnsluaðilar ábyrgir fyrir því að vinnsla persónuupplýsinga samrýmist reglugerðinni (bls. 15).

Samkvæmt 3. mgr. 38. gr. reglugerðarinnar sé enn fremur leitast við að tryggja sjálfstæði og vernd persónuverndarfulltrúa með því að mæla fyrir um að ekki megi víkja þeim úr starfi eða refsar þeim fyrir framkvæmd verkefna þeirra. Í þessu sambandi þurfi að huga að því að refsingar geti verið með ýmsu móti, beinar og óbeinar, og því geti einnig fallið undir ákvæðið þau tilvik þegar eingöngu sé um að ræða hótun eða ógn um einhvers konar refsingu. Því meiri tryggingar sem persónuverndarfulltrúar hafi gegn óréttmætri uppsögn, þeim mun líklegra sé að þeir geti starfað sjálfstætt (bls. 15 og 16).

Hvað hagsmunaárekstra varðar segir í leiðbeiningunum að krafa 6. mgr. 38. gr. um að önnur verkefni og starfsskyldur persónuverndarfulltrúa leiði ekki til slíkra árekstra sé nátengd kröfunni um sjálfstæði persónuverndarfulltrúa. Almenna reglan sé sú að hagsmunaárekstrar, samkvæmt ákvæðinu, geti orðið ef persónuverndarfulltrúar eru í æðsta stjórnlagi fyrirtækis (e. senior management), svo sem í stöðu framkvæmdastjóra, rekstrarstjóra eða fjármálastjóra, en sama geti átt við í öðrum tilvikum ef störf fela í sér ákvarðanatöku um tilgang og aðferð við vinnslu persónuupplýsinga. Að auki geti hagsmunaárekstrar orðið ef utanaðkomandi persónuverndarfulltrúar eru beðnir um að koma fram fyrir hönd hlutaðeigandi ábyrgðar- eða vinnsluaðila fyrir dómi í máli sem varðar vinnslu persónuupplýsinga hjá aðilanum (bls. 16).



2.

Um að Kópavogsbær kanni verklag sitt

Að svo stöddu telur Persónuvernd ekki tilefni til frekari umfjöllunar af hálfu stofnunarinnar vegna umræddrar ábendingar en vekur athygli á nauðsyn þess að Kópavogsbær hugi að framangreindum attriðum og kanni hvort tilefni sé til að breyta verklagi í tengslum við störf persónuverndarfulltrúa bæjarins.

Ef á hinn bóginn nýjar upplýsingar koma í ljós, kvörtun berst frá einstaklingi eða fleiri ábendingar berast kann málið að verða tekið upp að nýju, í heild sinni eða að hluta.

F.h. Persónuverndar,

Þórður Sveinsson

Inga Amal Hasan

Afrit:

Ásmundur R. Richardsson persónuverndarfulltrúi Kópavogsbæjar